

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 25. maí 2020
UST202005-003/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Ölfuss 2010 – 2022 og nýtt deiliskipulag Hafnarsvæðið í Þorlákshöfn

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Ölfuss er barst 30. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að aðalskipulagsbreytingu á hafnarsvæði sveitarfélagsins.

Í greinargerð kemur fram að breytingin tekur til hafnarsvæðisins austan Þorlákshafnarvegjar og Óseyrarbrautar og suður undir Skarfaskersbryggju og er breytingin gerð vegna breyttra forsendna og þróunar á hafnarsvæðinu.

Einnig kemur fram að skipulagssvæðið er um 96 ha að stærð og helsta breytingin á gildandi aðalskipulagi er breyting á vegakerfi og stofnstígum um hafnarsvæði Þorlákshafnar, auk þess mun landnotkun á svæðinu breytast lítilsháttar.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að við gerð deiliskipulags fyrir stækkun hafnarinnar í framtíðinni er nauðsynlegt að endurskoða staðsetningu og útfærslu fráveitulagnar m.t.t. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 með áorðnum breytingum nr. 450/2009. Umhverfisstofnun vekur athygli á að krafan um lagningu útrásar skv. 9 gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er að hún sé lögð minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Hafranes

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið, sem tillagan nær til, nefnist Hafnarnes við Þorlákshöfn og er númer 757 sem aðrar náttúruminjar. Svæðið er sunnan byggðar í Þorlákshöfn og nær vestur að Flesjum og er svæðið skilgreint sem útivistarsvæði í grennd við þéttbýli.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að metin séu sammögnun áhrifa þeirrar uppbyggingar, sem hefur átt sé stað og eru fyrirhuguð, á ásýnd svæðisins m.t.t. útivistar og hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Að mati Umhverfisstofnunar getur frekari uppbygging á svæðinu haft neikvæð áhrif á útvistargildi svæðisins.

Loftmengun

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að jarðefnaiðnaður setur svip sinn á syðsta hluta svæðisins. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að nálægð við hverfisverndarsvæði, minjar og útvistarsvæði og íbúðarbyggð kallar á góðan frágang á lóðinni, m.a. til að hindra mögulegt fok.


Birgðastöð fyrir olíu

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir birgðastöð fyrir olíu á reit 5. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tekið sé fram í greinargerð tillögunnar að farið verði eftir reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur